

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur með tilvísun til 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 gert kröfu til þess, að Lee Reynir Freer verði úrskurðaður í gæsluvarðhald til miðvikudagsins 31. ágúst 1983.

Kærði hefur ekki mótmælt kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins.

Málavextir eru þessir:

Sunnudaginn 17. þ. m. var stolið um kr. 1.500.00 úr húsinu nr. 13 við Lerkihlíð hér í borg. Kærði hefur játað innbrot þetta og þjófnað. Kærði hefur játað að hafa farið inn í tvö hús í Hafnarfirði síðastliðna nótt í þjófnaðarskyni og stolið úr öðru þeirra útvarpstæki og úr hinu kr. 1.000.00. Til meðferðar hjá rannsóknarlögreglu ríkisins er enn fremur kæra út af öðru þjófnaðarbroti, sem rannsóknarlögreglunni barst í dag og kærði er grunaður um aðild að. Ákæra, dags. 8. júlí sl., þar sem kærða er gefið að sök að hafa gert tvær tilraunir til þjófnaðar í júní sl., var birt honum í sakadómi Reykjavíkur í dag. Kærði var látinn laus af Litla - Hrauni hinn 20. maí sl.

Kærði er síbrotamaður. Þykir með hliðsjón af því, sem að framan er rakið, rétt að taka kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins til greina, og skal kærði með vísan til 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 31. ágúst 1983, enda eru ákv. 65. gr. stjórnarskrárinnar því ekki til fyrirstöðu.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Lee Reynir Freer, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 31. ágúst 1983, kl. 1700.

Þriðjudaginn 9. ágúst 1983.

Nr. 142/1983. **Danielle Somers Jónsson og**
Ólafur Rafn Jónsson
 gegn
Grímu Guðmundsdóttur.

Kærumál. Réttarfar. Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Sigurður Eiríksson, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, kvað hinn kærða úrskurð upp 21. júlí 1983 í fógetarétti Akureyrar. Hafa sóknaraðiljar skotið úrskurðinum til Hæstaréttar með kæru sama dag samkvæmt heimild í 3. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973.

Skjöl málsins bárust Hæstarétti 27. júlí sl. og greinargerð af hálfu sóknaraðilja 3. þ. m. Krefjast sóknaraðiljar þess, að úrskurðinum verði hrundið og „tilgreindum aðila, vitnum og sýslunarmönnum verði heimilað að gefa skýrslu fyrir fógetaréttinum í máli þessu, um það hvernig staðið var að birtingu greinds dóms Hæstaréttar.“ Þeir krefjast og kærumálskostnaðar.

Af hálfu varnaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Af hálfu sóknaraðilja er því haldið fram, að ekki hafi verið löglega staðið að birtingu dóms Hæstaréttar, sem kveðinn var upp 25. mars 1983 í máli þeirra og varnaraðilja. Hafa þau krafist þess, eins og greint er í hinum kærða úrskurði, að tilteknir menn verði kvaddir fyrir fógetaréttinn til skýrslugjafar um það, hvernig dómsbirtingin 9. apríl sl. hafi farið fram.

Bera má upp fyrir fógeta varnir og mótmæli, sem gerðarþoli telur vera því til fyrirstöðu, að fógetagerð megi fara fram, þar á meðal hvort dómur, sem er grundvöllur aðfarar, hafi verið löglega birtur. Ber fógeta að skera úr slíkum ágreiningi með úrskurði, ef krafist er, sbr. 41. gr. aðfararlaga nr. 19/1887. Í hinum kærða úrskurði segir, að vefenging birtingarvottorðsins eigi ekki undir úrskurð fógetaréttar. Hefur fógeti því ekki úrskurðað um framangreinda kröfu sóknaraðilja, eins og honum bar að gera. Verður því ekki hjá því komist að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og leggja fyrir fógeta að taka málið til löglegrar meðferðar og úrskurðar um framangreinda kröfu.

Kærumálskostnaður fellur niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur, og er lagt fyrir fógeta að kveða upp úrskurð um framangreinda kröfu sóknaraðilja.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður fógætaréttar Akureyrar 21. júlí 1983.

Lögmaður gerðarþola, þeirra Ólafs Rafns Jónssonar og Danielle Somers Jónsson, hefur krafist þess, að gerðarþoli Ólafur Rafn Jónsson sem aðili og Baldur Halldórsson, Hlíðarenda, Akureyri, Gunnar Berg, Skarðshlíð 2 G, Akureyri, sem vitni og stefnuvottarnir Gísli Ólafsson og Jón Benediktsson sem sýslunarmenn komi hér fyrir réttinn og gefi skýrslu um það, hvernig staðið var að birtingu dómsins þann 9. apríl 1983. Ástæðuna fyrir þessari beiðni kveður lögmaðurinn vera þá, að samkvæmt fréttum í blöðum og ljósmyndum, er segja frá, er dómur þessi hafi verið birtur, komi ekki fram, að aðrir en Gísli Ólafsson stefnuvottur hafi birt hæstaréttardóm þann, er til grundvallar liggur í máli þessu, og hafi aðfararfrestur því ekki byrjað að líða, sbr. 3. mgr. 194. gr., sbr. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. lög nr. 28/1981, hinn 9. apríl sl. og megi aðför af þessari ástæðu ekki fara fram.

Málssvari gerðarbeiðanda hefur talið sjálfsagt, að stefnuvottar komi fyrir réttinn til að votta um það, hvernig staðið var að birtingu dómsins.

Fógeti synjaði um gagnaöflun þessa.

Niðurstaða.

Fyrir réttinum liggur vottorð stefnuvotta um, að birting dómsins hafi farið fram hinn 9. apríl 1983 á lögmætan hátt fyrir báðum dómþolum. Vefenging þessa vottorðs á ekki undir úrskurð fógætaréttar og kemur því ekki í veg fyrir, að gerðin nái fram að ganga, sbr. 4. gr. aðfararlaga nr. 19/1887.

Á l y k t a r o r ð:

Gerðinni skal fram haldið.
